



**Nemendur velja sér valgreinar í samráði við foreldra/forráðamenn**

Nú líður að vori og nemendur þurfa að fara að huga að námi sínu næsta vetur. Í þessum bækling eru lýsingar á þeim valáföngum sem verða í boði í Myllubakkaskóla næsta skólaár.

Tilgangur með valgreinum er að gera nemendum kleift að leggja eigin áherslur í námi miðað við áhugasvið og framtíðaráform. Þeir þurfa að horfa til framtíðar, gera upp við sig hvert þeir vilja stefna og hvar áhugi þeirra liggur.

Í þessum bæklingi eru upplýsingar um þær fjölmörgu valgreinar sem verða í boði í Myllubakkaskóla næsta vetur ef næg þátttaka fæst í hópa. Flestar kjarnagreinar eru bóklegar og því getur verið hentugt fyrir nemendur að velja einhverjar verklegar greinar til að auka fjölbreytni námsins. Mikilvægt er að nemendur fari vel yfir lýsingar á valgreinum með foreldrum/forráðamönnum sínum og íhugi vandlega hvað sé æskilegt að velja. Einnig getur verið gott fyrir nemendur að ræða við umsjónarkennara, kennara einstakra greina eða námsráðgjafa og fá hjá þeim leiðsögn. Nemendur skulu varast að velja valgrein einungis af því að besti vinur velur hana.

Það skal tekið fram að aðstæður geta orðið á þann veg að erfitt getur orðið að verða við aðal óskum nemenda um valgrein og þá er vara kosturinn tekinn. Því er mikilvægt að það sem nemendur velja til vara séu valgreinar sem þau hafa áhuga á. Einnig áskilur skólinn sér rétt til að fella niður námstilboð ef umsækjendur eru of fáir.

**Valgreinar eru ekki aukagreinar. Þær eru jafn mikilvægar og skyldunámsgreinarnar og kröfur um ástundun og árangur verða á engan hátt minni í valgreinum en í skyldunámsgreinum. Skipulag á stundatöflu næsta vetrar tekur mið af valgreinum og því er ekki hægt að breyta vali í haust þegar skóli hefst.**

Nemendur velja valgreinar rafrænt og þarf að ljúka því fyrir 4. maí nk.

Það er von okkar að allir nemendur finni áhugaverða valkosti.

## STUTTMYNDAGERÐ

Unnið er að gerð stuttmyndar sem er hópavinna. Pessi vinna felst í handritsgerð, tökum, hljóðvinnslu og klippivinnu. Unnið er með klippiforritið iMovie. Einnig verður unnið að styrttri verkefnum þar sem spjaldtölvar verða notaðar til upptöku og eftirvinnslu. Ef tími vinnst til er fyrirhugað að gera hreyfimynd (animation).



## ÍþRÓTTAFRÉTTAMENNSKA

Í valinu kynnast nemendur íþróttafréttamennsku. Aðallega verður unnið með körfubolta, en ef áhugi er fyrir því hjá þeim sem taka þátt, tökum við einnig fyrir fótbolta þegar því verður við komið. Ef þú hefur áhuga á íþróttum eða vilt prufa að skrifa um íþróttaviðburði, taka myndir af íþróttaleikjum, lýsa íþróttaleik eða taka viðtol við íþróttafólk. Þá er þetta valið fyrir þig! Valið fer alfarið fram utan skóla, á Teams, á kvöldin og um helgar. Hópurinn hittist og svo skrá nemendur sig á leiki og í hlutverk. Nemendur mæta með leiðbeinanda á leiki og jafnvel án leiðbeinanda seinna ef þeir treysta sér.



Gerð er krafa um 14 klukkustundir af mætingu til að fá „Lokið“ fyrir valið. Nemendur fá einnig umsögn þar sem lagt er mat á þeirra framlag í valinu.

## ORKA OG TÆKNI

Markmiðið er að auka áhuga nemenda, óháð kyni, á iðnmenntun. Tengja betur saman atvinnulíf og skóla og jafnframt að nemendur kynnist fyrirtækinu og starfsemi þess. Í áfanganum sem kenndur er af starfsfólki HS Veitna er blandað saman fróðleik, verklegri kennslu og vettvagnsferðum svo eitthvað sé nefnt.

## FÓTBOLTAVAL

Skipt í lið og spilaður fótbolti á gervigrasvellinum við Myllubakkaskóla. Einnig er spáð og spekúlerað í leiki í hinum ýmsu deildum. Aukin hreyfing og skemmtun fyrir þá sem hafa áhuga á knattspyrnu.



## 3D HÖNNUN OG PRENTUN

Kynnt verða nokkur 3D teikniforrit bæði sem eru í tölvu og i-Pad. Nemendur teikna hlut sem kennarinn biður um og einnig fá nemendur að gera sína eigin hönnun og enda með því að prenta verkin út í 3D prenturum. Nemendur þurfa að tileinka sér þolinmæði og gott skipulag þar sem hönnun getur tekið langan tíma.


## PRJÓN OG HEKL

Nemendur kynnast og þjálfast í helstu aðferðum í prjóni og hekli. Efni og uppskriftir eru valin í samráði við kennara. Stefnt er að því að nemandi búi til a.m.k. eina heklaða eða prjónaða flík.



## BORÐTENNIS

Nemendum gefst kostur á að kynnast borðtennis betur, sett verður upp keppni nokkrum sinnum yfir tímabilið.



## RÓBOTAR

Nemendum gefst kostur á að vinna með forritunartæki skólans þ.á.m. Dash and Dot, BlueBot, MakeyMakey o.fl. Nemendur munu vinna með þrautir sem á að leysa og forrita tækin til að leysa þær þrautir.

## GRAFÍKVAL

Grafík eða svartlist er heiti á tækni í myndlist sem felst í að grafa eða æta mynd á plötu eða flöt sem notuð er til að þrykkja með prentlitum mynd á pappír, silki eða annað efni. Grafískar vinnuaðferðir eru flokkaðar eftir eðli aðferðarinnar sem unnin er í viðkomandi plötu eða flöt.

Orðið grafík er grískt að uppruna og merkir að skrifa eða teikna.



## RUSLDAGBÓK / JUNK JOURNAL

Nemendur búa til dagbók úr endurunnu efni, s.s. Rusli, pappír, bókakápum, tónlistarnótum, kortum, myndskreytingum, frímerkjum, miðum, póstkortum o.fl.

## JÓGA OG HUGLEIÐSLA

Markmiðið er að nemendur læri einfaldar öndunaræfingar, jóga, slökun og hugleiðslu ásamt fræðslu og verkefnum til að efla einstaklinginn og sjálfsmynd hans.



## SPIL

Í þessu vali verður notast við hefðbundin borðspil eins og Jungle Speed, Heilaspuna, Alias og Pictionary. Einnig verða spiluð þekkt og óþekkt spil á spilastokk. Spil eins og t.d. Lauma, Skítakarl, Olsen Olsen, Kani og Kasína.



## PÍLUKAST

Nemendur kynnast pílukasti og læra m.a. að leggja saman og draga frá í huganum. Pílukast er gott tól fyrir nemendur að æfa einbeitingu, þar sem íþróttin snýst að miklu leyti um stærðfræði. Flestir tímar fara í æfingar í pílukasti. Í lok vetrar verður skólinn með mótt þar sem krýndur verður pílukastmeistari Myllubakkaskóla.



## SKÁK

Markmiðið er að nemandi fái aukinn áhuga á skákíþróttinni.

Fái einnig innsýn inn í heim skákíþróttarinnar og læri undirstöðuatriði hennar. Nemendur læra helstu reglur í skák, læra mannganginn og byrjunar- og endatöfl.

## FRÆG HÚS Á SUÐURNESJUM

Farið í rannsóknarvinnu og skoðað hvenær húsin voru byggð, hverjir bjuggu þar o.fl. Vinnan fer fram í Keynote / PP eða videói.



## HEIMILISFRÆÐI

Markmiðið er að nemendur geti unnið sjálfstætt eftir mismunandi uppskriftum, þjálfi verklega færni og geti skipulagt vinnu sína með hagsýni og næringargildi að leiðarljósi. Einnig að nemendur finni ánægju í því að elda, baka og bera fallega á borð og njóti þess að borða saman. Næringarfræði og meðferð matvæla er hluti af allri umræðu.

## TÁKNMÁL

Nemendur læra undirstöðuatriði í táknmáli. Fara yfir stafrófið og læra að stafa nafnið sitt og tjá sig í einföldum setningum. Nemendur vinna eftir námsefni af vefnum signwiki.is.



## UNNIÐ MEÐ BÖRNUM

Markmiðið er að kynna nemendum fyrir ýmiskonar starfi sem tengist vinnu með ungum börnum. Nemendur heimsækja leikskóla, frístundaheimili, kíkja í kennslu á yngsta stigi grunnskólans og kynnast íþróttastarfi með ungum iðkendum. Nemendur fá kynningu á skyndihjálp ungra barna og fá innsýn í stefnur og hugmyndafræði innan þeirra vinnustaða sem þau heimsækja.

## VETRARÍÐRÓTTIR / FERÐ Í BLÁFJÖLL (3. ÖNN)

Að nemendur kynnist skíða- og brettaíþróttum og upplifi útiveru yfir vetrartímann á jákvæðan hátt. Hentar bæði þeim sem hafa þekkingu á skíða- og/eða brettaíðkun og byrjendum.

Tímafjöldi: 3-4 kennslustundir í skóla og ein ferð í Bláfjöll.

Nemendur þurfa sjálfir að útvega búnað til notkunar í fjallinu (bretti/skíði, skór, hlífðarfatnaður o.s.frv.).

Hægt er að koma með búnað eða leigja í Bláfjöllum.



Valinu fylgir aukakostnaður vegna leigu á búnaði og korti í skíðalyftur.

## LEIRMÓTUN

Nemendur læra aðferðir við leirmótun, sem notaðar hafa verið frá öröfi alda þ.e. helstu aðferðir og tækni við leirmótun ásamt því að fá tilfinningu fyrir leirnum sem mótnarefni. Einnig verður rakin saga leirkermasmíði og athygli nemenda beint að gerð daglegra nytjahluta, listaverka og bygginga og um leið að gera þá læsari á umhverfi sitt. Nemendur læra að glerja muni sem síðan eru brenndir í lok námskeiðs.

## TEIKNING

Nemendur læra um helstu teikniaðferðir en teikning er ein helsta forsenda fyrir hönnunar- og listnám. Að geta trjáð sig með teikningu er mikilvægt og frjálsasta leiðin til þess að byrja sköpun en þetta eykur einnig samhæfingu hugar og handar. Teikning eflir einnig hæfni og kunnáttu í formfræði, rýmisskynjun og gerir nemendur læsari á umhverfi sitt.

Teikning er ein elsta og helsta tækni sem maðurinn hefur fram að færa. Í teikningu eru engin takmörk og við sjáum með teikningu eða við teiknum það sem við sjáum.

## GÍTARGRIP

Farið er frá grunni yfir gítargrip og hljómaáslátt bæði með fingrum og gítarnögl. Færni nemandans er byggð upp í hægum skrefum þannig að námið sé árangursríkt og skemmtilegt. Stefnt er að því að nemendur geti leikið á gítar undir söng. GOTT ER EF NEMENDUR GETA MÆTT MEÐ GÍTAR Í TÍMA.



© dak

## FRÍSTUND

Nemendur taka þátt í Frístund Myllubakkaskóla. Þau aðstoða nemendur og starfsfólk frístundar. Taka þátt í starfi Frístundar og leika og spila við krakkana.

## ROKKHLJÓMSVEIT

Markmiðið er að stofna hljómsveit nemenda. Markmiðið er að nemendur myndi hljómsveit sem gæti spilað á opnum húsum og öðrum viðburðum skólans. Betra ef nemendur eiga hljóðfæri en alls ekki krafa. Þau hlutverk sem fylgja oft hljómsveitum eru hljóðmenn, bakraddir, tónsmiðir, kvikmyndataka o.fl.



## SKÓLAKÓR

Langar þig að syngja í kór? Þá er þetta áfangi fyrir þig! Í skólakór eru sungin fjölbreytt og skemmtileg lög, allt frá klassískum kórlögum yfir í nútíma popptónlist. Nemendur geta haft áhrif á lagaval. Nemendur læra raddbeitingu, öndun og prófa að syngja í röddum.



## SKRAUTSKRIFT

Nemendur læra að beita þeim verkfærum sem notuð eru í skrautskrift. Þegar búið er að ná tökum á beitingu verkfæra er farið í myndun stafa og stafagerð. Nemendur æfa sig í tínum eftir forskrift og smám saman læra þeir einfaldar skreytingar. Nemendur safna verkum sínum í nemendamöppu.

## SÖNGUR

Að syngja er gott fyrir sálina og gefur góða innsýn í eigið hljóðfæri, röddina. Nemendur í samstarfi við kennara velja og æfa lög/texta úr ýmsum áttum. Áhersla er lögð á undirstöðuatriði í söng, notkun hljóðnema og almenna framkomu á sviði.

## SLÍMGERÐ / KERTAGERÐ / SKARTGRIPAGERÐ

Nemendur vinna við margvíslega hluti í þessu vali og leyfa huganum að fljúga við gerð og hönnun kerta, skartgripa o.fl.

Markmið er að nemendur kynnist því að búa til slím, búa til og skreyta kerti, ásamt mismunandi tegundum skartgripa.

## MÁLUN

Hvernig málar maður alvöru málverk? Nemendur læra undirstöðuatriði í listmálun, skoða tækni og áhöld, skissa og kynnast listamönnum og mála sitt eigið málverk. Nemendur gera möppu með minni verkum í en einnig mála þeir á striga. Listmálun sem fræðigrein og ýmsar aðferðir innan málunar eru kynntar nemendum. Nemendur læra að umgangast bæði olíu og akrýlliti auk vatnsliti en einnig læra þeir litrafraði.



## **SKOTFIMI (9. og 10. bekkur)**

Kennslan hefst á ítarlegri yfirferð á öryggisreglum um umgengni við/og notkun skotvopna og helstu umgengnisreglum á skotbönum/skotsvæðum. Nemendum eru kennd undirstöðuatriði í riffilskotfimi: stöðu, miðun, gikktækni og öndun. Nemendum kenndar/kynntar helstu aðferðir við þrístöðu skotfimi (liggjandi, krjúpandi og standandi).

## **STÆRÐFRÆÐI**

Hentar fyrir þá sem eru fljótir að reikna og líka þá sem fara hægt yfir. Kjörið fyrir þá sem vilja komast yfir sem mest efni en líka þá sem þurfa meiri tíma til að klára. Er í raun aukatími til að vinna í sínu efni.

## **KVIKMYNDAVAL**

Nemendur fá kynningu á fjölbreyttum gerðum kvikmynda, s.s. stuttmyndum, klassískum og heimildamyndum. Myndirnar verða síðan greindar og gagnrýndar. Farið verður í uppbyggingu kvikmyndanna og hvað er sérstakt við þær.

## **UKULELE**

Að læra á ukulele er ótrúlega auðvelt og skemmtilegt. Í ukulele vali er farið yfir algengustu hljómana og undir lokin ættu nemendur að getað spilað ófá 3.-4. hljóma lög undir eigin söng eða annarra. Ekki er þörf á að eiga Ukulele fyrir tímana.



## **SUND**

Markmiðið er að nemendur; fái aukna hreyfingu, geri sér grein fyrir áhrifum hreyfingar á líkamann og fái fjölbreytta kynningu á ýmsum íþróttagreinum. Einnig verður fjallað á hagnýtan hátt um heilbrigrt líf og lífernir.

Nemendur fá einnig að kynnast mismunandi sundíþróttum og iðka sund sem heilsurækt undir leiðsögn kennara.

## **HÁRGREIÐSLA**


Markmiðið er að nemendur; kynnist mismunandi hárgreiðslum, umhirðu hárs, mismunandi hárvörum og hvernig hægt sé að nýta sér hin ýmsu áhöld svo sem sléttujárn, krullujárn og keilujárn til að ná fram ákveðnu útliti.



## Hálfsársval

### FATASAUMUR

Lögð er áhersla á að nemandi læri að taka upp snið, leggja snið á efni, sníði og saumi flík. Snið og efni eru valin í samráði við kennarann. Stefnt er að því að nemandi saumi á sig eina flík.



### SKÓLAHREYSTI

Markmið er að nemendur læri að skipuleggja eigin þjálfun með því að setja sér markmið, styrki sjálfsmýnd sína og geri sér grein fyrir gildi samvinnu í leik og keppni.

I tínum stunda nemendur alhliða líkamsþjálfun en sérstök áhersla verður lögð á æfingar sem tengjast Skólahreysti. Um áramótin verður valið í lið Myllubakkaskóla og halda þeir nemendur áfram í skólahreysti fram að keppni. Nemendur í 9. og 10. bekk geta verið í keppnisliðinu.



## Heilsársval

### HEIMANÁM/NÁMSTÆKNI

Markmiðið er að nemandi fái aðstoð við heimavinnu í skóla. Nemendur geta komið með heimaverkefnin sín og fengið aðstoð frá kennara. Einnig verður boðið upp á aðstoð við námstækni/skipulag við nám.

### ÍÞRÓTTIR

Markvisst íþrótt- og hreyfinám hefur ekki aðeins góð áhrif á líkamlega heilsu hvers nemanda, heldur hefur það einnig jákvæð áhrif á andlega og félagslega líðan.

Markmiðið er að nemendur; fái aukna hreyfingu, geri sér grein fyrir áhrifum hreyfingar á líkamann og fái fjölbreytta kynningu á ýmsum íþróttareinum. Einnig verður fjallað á hagnýtan hátt um heilbrigtni líf og lífernir.

### LEIKLISTARVAL

Farið verður í skemmtilega leiki sem þjálfa færni í framkomu, spuna og auka sjálfstraust.

Sett verður upp leiksýning sem sýnd verður í lok skólaárs.

Aðal markmiðið með valfaginu er að hafa gaman, fara út fyrir þægindarammann og setja upp skemmtilega leiksýningu.

Ekki er nauðsynlegt að vilja vera á sviðinu í leiksýningunni, hægt að taka þátt með ýmsum hætti eins og að sjá um hár, förðun, búninga, leikskrá, leikmynd eða tæknimál svo eitthvað sé nefnt en mikilvægt að vera tilbúinn til að taka þátt í leikjum og hópefli áður en sýningarvinna hefst.

## Heilsársval

### NEMENDARÁÐ

Hlutverk nemendaráðs Myllubakkaskóla er m.a. að skipuleggja og sjá um viðburði, auglýsa þá og stjórna. Nemendur kynnast unglingsalýðræði og lýðræðislegum vinnubrögðum. Ætlast er til þess að nemendaráð myndi góð tengsl við nemendur skólans og séu góð fyrirmund, sýni góða hegðun, frumkvæði í vinnubrögðum, stundi námið vel og hafi góða skólasókn.

### Valgreinar utan Myllubakkaskóla

### FJÖRHEIMAVAL

Þessi valgrein er fyrir þá nemendur sem taka þátt í sértæku hópastarfi á vegum Fjörheima s.s. unglingaráð, Fjörclub og/eða listaklúbb.

Þeir nemendur sem sinna þessu hópastarfi af krafti geta fengið það metið sem eina valgrein allan veturinn.

### Íþróttaiðkun/tómstundir

Þessi valgrein er fyrir þá nemendur sem stunda íþróttir af miklu kappi hjá íþróttafélagi sem hlotið hefur viðurkenningu ÍSÍ sem fyrirmyn darfélag/fyrirmyn dardeild eða eru í viðurkenndu tómstundastarfi t.d. dansi, skátunum eða björgunarsveit. Markmiðið er að viðurkenna þá vinna sem liggur að baki íþróttaiðkun/tómstundum með því að meta greinina sem eina valgrein allan veturinn.


### KÖRFUBOLTAPJÁLFARAVAL

Nemendur mæta á æfingar hjá yngri iðkendum og aðstoða á æfingum og skipuleggja æfingar í samráði við þjálfara. Mætt er á æfingar 1x í viku á meðan á vali stendur.



### KNATTSPYRNUPJÁLFARAVAL

Þessi valgrein er fyrir þá nemendur sem hafa áhuga á þjálfun í knattspyrnu og stefna á að leggja það fyrir sig. Valið er kennt á haustönn, 1 x í viku (2x40mín) bæði bókleg og verkleg kennsla í bland. Bóklegir fyrirlestir og umræður og einnig verkleg kennsla þar sem nemendur koma inná æfingar.



### TÓNLISTARNÁM

Nemendur sem stunda nám í Tónlistarskóla Reykjanesbæjar geta fengið nám sitt metið sem eina valgrein allan veturinn..

## Valgreinar í samvinnu við FS fyrir 9. og 10. bekk

### VALFÖG KENND Á PRIÐJUDÖGUM KL. 15:00 - 16:20

#### **ENSKA - ENSK2KO05 (aðeins fyrir 10. bekk)**

Áhersla er lögð á aukinn orðaforða í ensku, þekkingu á enskri málfræði og skilning á skrifaðri og talaðri ensku með lestri, skilningi og málfræðiæfingum. Smásögur verða lesnar og skrifleg færni aukin.

#### **RAFMAGN - RAFG1KY05**

Í áfanganum fá nemendur að kynnast störfum rafvirkja og rafeindavirkja auk þess sem handverkfæri eru kynnt og nemendum kennt að nota þau rétt. Farið verður m.a. í rafmagnsfræði, rofabúnað og rafeindarásir þar sem nemendur fá að smíða einfaldar rafeindarásir, eins og t.d. blikkara.

#### **LEIKJAFORRITUN - FORR2LE05**

Nemendur kynnast forritun og grunnbyggingu forrita í gegnum forritunarmálið Python. Farið verður í cmd inntak, úttak, breytur og tög, skilyrðissettningar, lykkjur, föll, lista, dictionary, módúlur og fleira.

#### **TEXTÍLL OG HÁR - TXHÁ1FH05**

Kennt er einu sinni í viku tvær kennslustundir, aðra vikuna textíl og hina hár. Nemendur kynnast tískustraumum í hártísku, fatnaði og förðun. Verklegur áfangi.

## **VALFÖG KENND Á MIÐVIKUDÖGUM KL. 15:00 - 16:20**

### **STÆRÐFRÆÐI - STÆR2AH05 (aðeins fyrir 10. bekk)**

Meginefni áfangans er algebra, föll og hornaföll í rétthyrndum þríhyrningi. Efnispættir sem teknir verða fyrir í áfanganum eru: bókstafareikningur, veldi og rætur, jöfnur af öðru stigi, könnun annars stigs ferla (fleygboga) í hnítakerfi, meðferð algebrubrota, margliðudeiling, ójöfnur af fyrsta og öðru stigi og hornaföll í rétthyrndum þríhyrningi. Föll: fallhugtakið er innleitt og nokkur algeng föll kynnt.

### **HÚSASMÍÐI - HÚSA1KY05**

Nemandi hannar og býr til einhvern hlut t.d. hillu, skáp, borð eða annan nytjahlut úr timbri. Farið er í örlitla efnisfræði samhliða smíði og hönnun hlutarins og efnisvali.

Námsmat byggir á ástundun, virkni í tínum, verklægni og framförum á því sviði. Vinnslu hugmyndar til veruleika.

### **MÁLMSMÍÐI/SUÐA - MALM1MA03**

Nemendum er kennt að nota handverkfæri og einföldustu tæki til smíða og viðhalds vélbúnaðar. Nemendur geti lesið á algengustu mælitæki og lesið einföldustu vinnuteikningar og unnið eftir þeim. Vinnsluaðferðir eru sögun, sverfun, borun, snittun, beygingar, slípun og vélavinna. Farið verður yfir notkunarsvið, meðhöndlun og umhirðu tækja og verkfæra. Samhliða fer fram fræðsla um slysahættu og öryggispætti.

### **FABLAB - FABL2GR05**

Markmiðið er að nemendur kynnist möguleikum stafrænnar tækni, frjálsum hugbúnaði, Fab Lab smiðju og öðlist grunnfærni í að nota tækni 21. aldarinnar með stafrænum framleiðsluaðferðum. Nemendur kynnast áhöldum FAB Lab smiðjunnar í gegnum verkefni sem eru fyrst unnin í tölvu og svo í smiðjunni. Kennt er á gjaldfrjáls tvívíddar og þrívíddar teikniforrit sem henta fyrir hönnun og auka við mögulega nýsköpun. Verkefni eru framkvæmd m.a. í laserskera, vínylskera, þrívíddar prentara og fræsara. Lögð er áhersla á hugtakið nýsköpun og að nemandinn öðlast færni til að virkja sköpunarkraft sinn og koma þeirri próun í framkvæmd í FabLab-smiðjunni.

**Valfög í FS eru fyrir nemendur sem standa sig vel í námi og eru með fyrirmynadarástundun.**

**Valfög í FS kosta 6.000 kr.**

**Í sumum valfögum er einnig efniskostnaður.**

## **VALGREINAR Í DAGSKÓLA FS**

Afburðanemendur geta valið áfanga úr FS sem eru kenndir fjórum sinnum í viku hálfan vetur.

Þeir sem hafa áhuga á því tala við skólastjóra.

## **FORFÖLL SKAL TILKYNNNA Í FS**

Þeir nemendur sem eru í valfögum í Fjölbautaskóla Suðurnesja þurfa að fara eftir þeim mætingareglum sem gilda í FS.

Ef nemendur eru veikir eða í leyfi og komast þess vegna ekki í tíma í Fjölbautaskólann þá þarf EINNIG að tilkynna forföll þar í s: 421-3100.